

## **REGLUR**

### **um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.**

#### **I. kafli.**

##### **Hlutverk.**

1. gr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er sjóður í vörlu matvælaráðherra og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum sbr. II. og III. kafla þessara reglna.

#### **II. kafli**

##### **Verkefnasjóður sjávarútvegsins.**

2. gr.

Í Verkefnasjóð sjávarútvegsins rennur gjald sem lagt er á samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, auk andvirðis afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskipa, samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Þá runnu eftirstöðvar eigna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til Verkefnasjóðsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 27/2005.

3. gr.

Matvælaráðherra tilnefnir þrjá menn í stjórn sjóðsins og er hlutverk stjórnar að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum af því fé sem hann hefur til umráða sbr. 2. gr. Stjórnin skal halda fundi eftir því sem tilefni er til, þó að lágmarki ársfjórðungslega.

4. gr.

Fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins skal einungis úthluta til verkefna um hafrannsóknir eða eftirlit sem falla undir verkefnasvið Matvælaráðuneytisins t.a.m. á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Matís ohf. sem og Matvælasjóðs. Stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins getur lagt til að fé verði veitt til Matvælasjóðs í verkefni á sviði hafrannsókna eða eftirlits með fiskveiðum.

Um verkefni sem styrkt eru úr sjóðnum skulu gerðir tímabundnr samningar milli matvælaráðuneytisins og styrkþega þar sem kveðið er m.a. á um markmið samnings, hlutverk og skyldur hlutaðeigandi að samningi, greiðslur og greiðslutilhögun.

#### **III. kafli**

##### **Matvælasjóður**

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið að verja hluta af fjárhæð í eigu Verkefnasjóðs samkvæmt 2. gr. til Matvælasjóðs á hverju ári.

6. gr.

Styrkjum úr Matvælasjóði vegna framlags Verkefnasjóðs skal einungis úthlutað til verkefna sem sótt er um á grundvelli auglýsinga Matvælasjóðs í fjölmíðlum um styrki til verkefna sem snúa að rannsóknum og nýsköpun á sviði sjávarútvegs eða eftirlits með fiskveiðum. Hver styrkur skal að hámarki nema 50% af áætluðum heildarkostnaði hvers verkefnis úr Matvælasjóði.

**IV. kafli**

**Gildistaka**

7. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafafla, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur frá 21. júlí 2011.

Matvælaráðuneytinu, 26. janúar 2023

F.h.r.



Benedikt Arnason



Áslaug Eir Hólmeirs Óttir